

Nd.

765. Nefndarálit

[46. mál]

um frv. til jarðalaga.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. nefndarinnar til, að málið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Í sveitum landsins skulu vera starfandi byggðaráð. Starfssvæði hvers byggðaráðs skal vera það sama og búnaðarsambands.
Í byggðaráði eiga sæti sömu menn og eru í stjórn viðkomandi búnaðarsambands. Byggðaráð er ákvörðunarhæft, séu 3 menn mættir af þeim, sem eiga sæti í því.
2. Við 21. gr. Tvær fyrstu málsg. falli niður.
3. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
Kostnaður við störf byggðaráðs greiðist að hálfu af búnaðarsambandi og að hálfu af ríkissjóði. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun til byggðaráðsmanna.
4. Við 29. gr. Síðari málsgrein falli niður.
5. Við 31. gr.
 - a. 1. tölul. orðist svo:
Hafa búið á jörðinni minnst 8 ár.
 - b. 4. tölul. orðist svo:
Leggja fram meðmæli hlutaðeigandi byggðaráðs með kaupum.
6. Við 40. gr. 1. málsg. orðist svo:
Jarðasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum af ónytjuðum jörðum sjóðsins, öðrum en fasteignagjöldum og kostnaði við fjallskil. Öll skjöl, sem gefin eru út af sjóðnum og í hans nafni, skulu undanþegin stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.
7. Við 41. gr. C-liður orðist svo:
Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kann að hafa verið stofnað til í Stofnlánadeild landbúnaðarins, Veðdeild Búnaðarbankans, Lífeyrisjóði bænda og Orkusjóði vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til eða lánastofnanir, sem koma kunna í þeirra stað.
8. Við 51. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt er að taka lán með veði í óðali, þegar eigendaskipti verða á því, enn fremur til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni, í Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Orkusjóði og Lífeyrisjóði bænda, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.
9. Við 55. gr. Síðari málsg. falli niður.
10. Við 56. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 24. apríl 1974

Stefán Valgeirsson,
form., frsm.

Eðvarð Sigurðsson.

Hannibal Valdimarsson.

Ágúst Þorvaldsson.